

*Fundur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 24. febrúar 2022: Fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um störf og réttindi starfsmanna - MSS22020267*

Hefur einhverjum starfsmönnum borgarinnar verið sagt upp/störf þeirra lögð niður á þessu kjörtímabili eða starfshlutfall þeirra lækkað vegna þess að ekki þótti lengur þörf á starfsframlagi þeirra vegna innleiðingar á stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar? Ef svo er hvað er um að ræða mörg störf eða breytingar á starfshlutfalli? Hefur Reykjavíkurborg markmið um að fækka stöðugildum hjá sér á næstu árum vegna innleiðingar á stafrænni umbreytingu? Ef svo er hversu mörg störf og/eða stöðugildi er um að ræða og á hvaða starfsstöðum? Hvernig ætlar Reykjavíkurborg að takast á við fjórðu iðnbyltinguna og tryggja réttindi starfsfólks í þeim tæknibreytingum sem framundan eru? Hefur einhverju starfsfólki verið sagt upp störfum eða störf verið lögð niður vegna stjórnkerfisbreytinga á sviðum borgarinnar? Ef svo er hvaða svið er um að ræða og hversu mörg stöðugildi? MSS22020267